

Fimmtudaginn 3. desember 1998.

Nr. 110/1998.

Bergur Garðarsson

(Reynir Karlsson hrl.)

gegn

Páli Jónssyni

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

og gagnsök

Lausafjárkaup. Ógilding samnings. Kröfugerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein og Markús Sigurbjörnsson og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 10. mars 1998. Hann krefst þess aðallega, að staðfest verði með dómi riftun hans á samningi við gagnáfrýjanda, sem komst á með samþykki hins síðarnefnda á tilboði 11. júlí 1996 í nánar tiltekna muni til rekstrar efna-
laugar, svo og, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. janúar 1997 til greiðsludags. Til vara krefst aðaláfrýjandi þess, að nefndum samningi „verði vikið til hliðar í heild sinni með dómi“, en til þrautavara, að krafa gagnáfrýjanda verði lækkuð verulega frá því, sem dæmt var í héraði. Í öllum tilvikum krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi 10. júní 1998. Hann krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur, en til vara, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 1.500.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 11. ágúst 1996 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómsstefnu lýsti gagnáfrýjandi atvikum málsins í meginatriðum þannig, að aðaláfrýjandi hefði 11. júlí 1996 gert kauptilboð fyrir milligöngu Reynis Þorgrímssonar, sem hafi rekið firmað Fyrirtækjasöluna Suðurveri, í allar vélar, tæki, áhöld og hráefni efna-
laugarinnar Hreinar línur ásamt öllu því öðru, sem fyrirtækið átti og

sýnt hefði verið aðaláfrýjanda á starfsstöð þess fyrir gerð tilboðsins. Í tilboðinu hafi komið fram, að aðaláfrýjandi hygðist flytja þessa muni til Grundarfjarðar. Hafi hann boðist til að greiða fyrir munina 5.000.000 króna, en af þeirri fjárhæð hafi hann átt að greiða 1.700.000 krónur við undirritun kaupsamnings, 2.700.000 krónur með því að taka að sér greiðslu „kaupleiguláns“ og 600.000 krónur með því að afsala nánar tiltekinni bifreið. Gagnáfrýjandi kveðst hafa samþykkt tilboðið innan þess frests, sem aðaláfrýjandi hafi sett í því skyni. Hafi átt að gera skriflegan kaupsamning hjá Fyrirtækjasölunni Suðurveri 18. júlí 1996. Áður en til þess kom, hafi aðaláfrýjandi tilkynnt fyrirtækjasölunni, að hann rifti tilboði sínu, því að verðmæti tækja og véla hafi verið minna en greint hafi verið frá og svokölluð þurrhreinsivél ekki verið af þeirri stærð, sem upplýst hafi verið við skoðun fyrir gerð tilboðsins. Gagnáfrýjandi hafi mótmælt riftun, en aðaláfrýjandi haldið fast við hana.

Upphafleg krafa gagnáfrýjanda fyrir héraðsdómi var aðallega sú, að aðaláfrýjandi yrði dæmdur til að greiða sér 5.000.000 krónur ásamt dráttarvöxtum, eins og áður greinir, gegn því að fá afhent tiltekin tæki og áhöld, sem talin voru upp í héraðsdómsstefnu. Til vara krafðist gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjanda yrði gert að greiða sér bætur vegna vanefnda kaupsamnings þeirra, að fjárhæð 1.500.000 krónur. Við aðalmeðferð málsins í héraði lækkaði gagnáfrýjandi aðalkröfu sína í 4.700.000 krónur. Í málflutningi fyrir Hæstarétti var þetta skýrt með því, að gagnáfrýjandi hefði fallist á, að aðaláfrýjanda bæri að fá nokkurn afslátt frá umsömdu kaupverði. Þá var einnig lýst yfir af hálfu gagnáfrýjanda, að í kröfugerð hans fælust þeir skilmálar, að gegn greiðslu á umræddum 4.700.000 krónum myndi hann láta af hendi við aðaláfrýjanda allt það, sem kauptilboð hins síðarnefnda tók til, án kvaða eða annarra hafta.

Eins og áður greinir, krefst aðaláfrýjandi þess aðallega fyrir Hæstarétti, að staðfest verði með dómi riftun á kaupsamningi aðila, en til vara, að samningnum verði vikið til hliðar. Í ljósi krafna gagnáfrýjanda og þeirra atvika, sem áður er greint frá, verður að líta svo á, að báðar þessar kröfur aðaláfrýjanda séu í reynd um sýknu af kröfum gagnáfrýjanda á grundvelli þeirra málsástæðna, sem felast í orðalagi kröfugerðar aðaláfrýjanda. Samhliða þessu krefst aðaláfrýjandi bóta úr hendi gagnáfrýjanda, að fjárhæð 1.500.000 krónur.

II.

Aðaláfrýjandi hefur greint svo frá aðdragandanum að tilboði sínu til gagnáfrýjanda, að hann hafi haft í hyggju að setja á stofn efna-laug í atvinnuhúsnæði, sem hann átti í Grundarfirði. Hann hafi rætt 10. júlí 1996 við Reyni Þorgrímsson, sem hafi bent honum á efna-laugina Hreinar línur og sagt verð þess fyrirtækis eiga að vera 6.800.000 krónur. Aðaláfrýjandi hafi farið til Reykjavíkur næsta dag ásamt eiginkonu sinni til að skoða fyrirtækið, þar sem þau hafi hitt meðal annarra gagnáfrýjanda og fengið hjá honum upplýsingar. Heimkominn til Grundarfjarðar 11. júlí 1996 hafi aðaláfrýjandi gert tilboð í búnað fyrirtækisins. Nokkrum dögum eftir að tilboðið hafði verið samþykkt, hefði aðaláfrýjandi fengið sent yfirlit með upplýsingum um fyrirtækið frá fyrirtækjasölnunni og séð þar, að „verðhugmynd“ var sögð vera 4.800.000 krónur. Um líkt leyti hefði hann komist að raun um, að unnt væri að fá ný tæki til að koma á fót fullkominni efnaaug fyrir minna en 3.000.000 króna, svo og, að þurrhreisivél, sem tilboð hans tók meðal annars til, hefði ekki verið af þeirri stærð, sem bæði gagnáfrýjandi og Reynir Þorgrímsson hefðu áður greint frá. Af þessum sökum hefði hann lýst yfir riftun kaupanna 18. júlí 1996.

Í skýrslu fyrir héraðsdómi greindi Reynir Þorgrímsson frá því, að um sumarið 1996 hefði maður að nafni Hrafn Bachmann leitað til sín um að hafa milligöngu um sölu efnaaugarinnar Hreinar línur. Hefði Hrafn veitt sér upplýsingar um fyrirtækið, þar á meðal, að eigendur þess vildu, að söluverð yrði 6.700.000 eða 6.800.000 krónur. Þessar upplýsingar hefðu verið skráðar hjá Fyrirtækjasölnunni Suðurverri. Sagði Reynir, að Hrafn hefði ekki verið „skráður eigandi“ að fyrirtækinu, og hann því talið sig þurfa að fá frekari upplýsingar um það. Af þessum sökum hefði hann farið á starfsstöð fyrirtækisins seinni hluta dags 10. júlí 1996 og hitt þá gagnáfrýjanda að máli í fyrsta sinn. Við skoðun á staðháttum hefði sér fundist áður áætlað verð of hátt í ljósi umfangs viðskipta og vélakosts fyrirtækisins. Hann hefði við þetta tækifæri tjáð gagnáfrýjanda, að hann teldi raunvirðið „einhvers staðar í kringum 5 milljónir“. Hefði gagnáfrýjandi samþykkt, að skráð verð yrði lækkað í þá fjárhæð. Í kjölfarið kvaðst Reynir hafa fært þessar nýju upplýsingar í gögn fyrirtækjasölnunnar undir lok vinnudags 10. júlí 1996.

Um samskipti sín við aðaláfrýjanda bar Reynir, að hinn fyrrnefndi hefði haft símsamband við sig og sagst vera að leita að efnalaug til kaups. Kvaðst Reynir hafa greint aðaláfrýjanda frá þeim upplýsingum, sem hann hefði undir höndum um efnalaugina Hrein- ar línur, og ráðlagt honum að koma til Reykjavíkur að skoða fyrirtækið, ef hann hefði áhuga. Sagði Reynir það vera „ábyggilega rétt“, að hann hefði tjáð aðaláfrýjanda við þetta tækifæri, að áætlað söluverð fyrirtækisins væri 6.800.000 krónur. Hann sagðist jafnframt hafa sent aðaláfrýjanda 10. júlí 1996 yfirlit með upplýsingum um fyrirtækið, en var ekki viss um, hvort þar hefði verið um að ræða upphaflegt yfirlit, sem hefði verið gert eftir upplýsingum frá Hrafní Bachmann, eða nýja yfirlitið, sem hann hefði gert í lok sama dags, eins og áður er greint frá.

Gagnáfrýjandi bar fyrir dómi, að þegar Fyrirtækjasölunni Suður- veri var falið að leita kaupanda að efnalauginni, hefði verð fyrir hana verið áætlað 6.800.000 krónur. Reynir Þorgrímsson hefði komið í efnalaugina 10. júlí 1996 og komist þá að þeirri niðurstöðu, að hæfilegt verðmat á henni væri 4.800.000 krónur. Aðaláfrýjandi hefði komið næsta dag ásamt eiginkonu sinni og skoðað fyrirtækið. Að því loknu hefðu þau ræðst við og aðaláfrýjandi fært í tal að greiða 5.000.000 krónur fyrir fyrirtækið. Næsta dag hefði borist tilboð þeirrar fjárhæðar frá aðaláfrýjanda, sem hefði verið samþykkt.

III.

Samkvæmt því, sem áður greinir, verður lagt til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi í byrjun fengið þær upplýsingar frá Reyni Þorgrímssyni, að áætlað söluverð fyrirtækis gagnáfrýjanda væri 6.800.000 krónur, og ekki vitað annað um verðmæti þess, þegar hann skoðaði það 11. júlí 1996, ræddi við gagnáfrýjanda um fyrrnefnda verðhugmynd sína og gerði síðan kauptilboð að kvöldi þess dags. Jafnframt er sannað, að gagnáfrýjandi hafi 10. júlí 1996 samþykkt þá tillögu Reynis, að hæfilegt verð fyrir fyrirtækið yrði metið 4.800.000 krónur.

Reyni Þorgrímssyni var falið af gagnáfrýjanda að leita kaupanda að efnalauginni. Þegar aðaláfrýjandi fól Reyni að gera fyrir sig kauptilboð 11. júlí 1996, gat ekki farið hjá því, að hinum síðarnefnda

væri kunnugt um, að aðaláfrýjandi vissi ekki annað en verðmat á fyrirtækinu væri 6.800.000 krónur. Án þess að leiðrétta þann mis-
skilning ritaði Reynir tilboð fyrir aðaláfrýjanda, að fjárhæð
5.000.000 krónur, 200.000 krónum meira en Reynir hafði sjálfur
metið daginn áður, að væri hæfilegt verð fyrir fyrirtækið. Þegar
gagnáfrýjandi átti viðræður við aðaláfrýjanda 11. júlí 1996 og fékk í
kjölfarið tilboð úr hendi hans, var gagnáfrýjanda samkvæmt áður-
sögðu kunnugt um, að verðmat á fyrirtækinu hafði verið lækkað
daginn áður um verulega fjárhæð. Í ljósi þess svo og aðdragandans
að viðræðunum við aðaláfrýjanda mátti gagnáfrýjanda að minnsta
kosti vera ljóst, að aðaláfrýjandi stæði í þeirri röngu trú við gerð til-
boðs síns, að fyrirtækið væri metið af Reyni Þorgrímssyni á
6.800.000 krónur.

Aðaláfrýjandi hefur í málátílbúnaði sínum meðal annars borið
fyrir sig, að framangreind atvik hafi verið með þeim hætti, að taka
eigi kröfur hans til greina með vísan til 30. gr. og 36. gr. laga nr. 7/
1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga
nr. 11/1986. Eins og atvikum er háttað, verður fremur að líta svo á,
að hér eigi við ákvæði 33. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 3. gr. laga nr. 11/
1986. Ekki verður talið andstætt 2. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 um
meðferð einkamála að reisa niðurstöðu málsins á síðastnefndu
ákvæði laga nr. 7/1936, enda hefur aðaláfrýjandi fært fram máls-
ástæður sínar í þeim buningi, að þær taka efnislega til skilyrða
ákvæðisins. Samkvæmt þessu verður 33. gr. laga nr. 7/1936 með
áorðnum breytingum talin standa því í vegi, að gagnáfrýjandi geti
borið fyrir sig samninginn við aðaláfrýjanda, sem um ræðir í málinu.
Verður aðaláfrýjandi því sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Krafa aðaláfrýjanda um skaðabætur er engum haldbærum rökum
studd. Verður gagnáfrýjandi því sýknaður af þeirri kröfu.

Gagnáfrýjandi verður dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda máls-
kostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi,
eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Bergur Garðarsson, er sýkn af kröfum gagn-
áfrýjanda, Páls Jónssonar.

Gagnáfrýjandi er sýkn af kröfu aðaláfrýjanda um skaðabætur.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda samtals 400.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 16. desember 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. nóvember sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Páli Jónssyni, kt. 210755-7999, Njálsgötu 4 b, Reykjavík, á hendur Bergi Garðarssyni, kt. 150357-5519, Fagurhólstúni 2, Grundarfirði, með stefnu, sem er árituð 11. desember 1996 af Reyni Karlssyni hrl. um, að hann muni verða við þingfestingu málsins og halda uppi vörnum af hálfu stefnda.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru:

1. Aðallega, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda 4.700.000 kr. með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1996 til greiðsludags, allt gegn afhendingu á eftirtöldum tækjum: 1 stk. AMA U25R-fatahreinsivél, rafhitaðri og tölvustýrðri, 1 stk. Stimatic-fatapressu með gufukatli, 1 stk. gínu, 1 stk. Vacuum-straujárn, 1 stk. blettaarmi, 1 stk. HS 2000 handstýrðu færibandi, 1 stk. H 602 BOS-innpökkunarvél, þvottavél Primus, stórri og afkastamikilli, Westinghouse-þurrkara, Aktern-gufupressu, Sharp-sjóðsvél, Pfaff-saumavél og þriggja metra afgreiðsluborði.

2. Til vara, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda 1.500.000 kr. í skaðabætur með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá 11. ágúst 1996 til greiðsludags.

3. Þess er og krafist, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða aðalstefnanda málskostnað skv. gjaldskrá Löggarðs hf.

Dómkröfur stefnda í aðalsök eru aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að samningi stefnanda og stefnda um kaup á tækjum til reksturs efnalaugar verði vikið til hliðar í heild með dómi, til þrautavara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Dómkröfur gagnstefnanda, þ. e. aðalstefnda, eru, að staðfest verði með dómi riftun hans á samningi milli hans og gagnstefnda um kaup á tækjum til reksturs efnalaugar. Þá krefst hann þess, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, 1.500.000 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá 10. janúar 1997 til greiðsludags.

Í aðalsök krefst aðalstefndi málskostnaðar samkvæmt reikningi, er hann lagði fyrir dóminn í upphafi munnlegs málflutnings. Í gagnsök krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

Í gagnsök krefst gagnstefndi, þ. e. aðalstefnandi, aðallega að verða al-sýknaður af kröfum gagnstefnanda, en til vara, að kröfur hans verði stór-lega lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að gagnstefnandi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað í gagnsök auk lögmæltis virðis- aukaskatts.

Gagnstefnan var lögð fram á dómþingi 23. janúar sl. Gagnstefndi krafðist þess aðallega í greinargerð sinni, að kröfu gagnstefnanda um bætur yrði vísað frá dómi. Flutningur um frávísunarkröfu gagnstefnda fór fram 9. júní sl., og á dómþingi 18. sama mánaðar var kröfunni hafnað með úrskurði.

I.

Stefnandi gerir grein fyrir málsatvikum og ágreiningsefni með eftirfarandi hætti:

„... að 11. júlí 1996 gerði stefndi stefnanda kauptilboð í allar vélar, tæki, áhöld og hráefni efnalaugarinnar Hreinar línur, allt það, sem fyrirtækið þá átti og sýnt hafði verið. Bauð hann 5.000.000 kr., sem skyldi greiða þannig:

1. Við undirritun kaupsamnings	kr.	1.700.000
2. Með yfirtöku í kaupleiguláni	–	2.700.000
3. Með eignarhluta seljanda í bifreiðinni R-3929, Nissan Patrol, árgerð 1986	–	600.000

Kaupandi setti það skilyrði í kauptilboði, að hann tæki á sig engar aðrar skuldir, tæki og vélar væru í góðu lagi og að seljandi veitti leiðsögn og þjálfun á vélarnar.

Í kauptilboðinu kom og fram, að kaupandi hygðist flytja vélarnar til Grundarfjarðar.

Fyrirtækið skyldi afhent í ágústbyrjun 1996.

Neðanmáls á kauptilboðsblaðinu . . .

Kauptilboð stefnda stóð til kl. 16.00 daginn eftir. Stefnandi samþykkti tilboðið innan þess tíma, og var vitneskju um það komið áleiðis til stefnda af starfsmanni Fyrirtækjasölunnar Suðurveri, Reyni Þorgrímssyni.

Skömmu áður en ganga átti frá kaupsamningi aðila, tilkynnti stefnandi leigusala sínum, að hann þyrfti ekki lengur á húsnaðinu að halda, þar sem hann væri búinn að selja reksturinn. Varð að samkomulagi þeirra í millum, að leigusalinn tæki við húsnaðinu og endurleigði það sjálfur. Gekk það eftir.

Ganga átti síðan frá undirritun kaupsamnings 18. júlí sama ár. En sama dag kom símbréf frá stefnda til Fyrirtækjasölunnar Suðurveri, þar sem hann rifti kauptilboðinu á þeim forsendum, að verð á tækjum og vélum væri of hátt og að þurrhreinsivél væri minni en sagt hafði verið.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda hraðskeyti daginn eftir, og var riftun þar mótmælt og skorað á stefnda að standa við kaupin.

Skömmu síðar hafði lögmaður stefnda samband við lögmann stefnanda, og var reynt að finna lausn á málinu. Af hálfu stefnanda var m. a. boðinn afsláttur, að fjárhæð 1.000.000 kr. Það dugði hins vegar ekki til þess að fá stefnda til að standa við kaupin.

26. júlí 1996 var því skorað á stefnda að inna af hendi kaupverðið. Með bréfi lögmanns hans, dags. 6. sept. 1996, var borið við svikum og öllum kröfum hafnað“.

Stefndi kveður málavexti í stuttu máli vera þá, að fyrri hluta árs 1996 hefði hann og kona sín, Margrét Frímansdóttir, fengið þá hugmynd að opna efnalaug í atvinnuhúsnæði, sem þau áttu að Fagurhólstúni 2 í Grundarfirði. Segir hann Reyni Þorgrímsson hjá Fyrirtækjasölunni Suðurverri hafa bent þeim á efnalaugina Hreinar línur og talið, að efnalaugin fengist fyrir 6,8 milljónir, sem væri mjög gott verð. Hafi Reynir sent þeim hjónum 10. júlí 1996 upplýsingar um fyrirtækið ásamt tækjalista. Staðhæfir stefndi, að stefnandi, Páll Jónsson, hafi tjáð sér, hvað þessi tæki kostuðu ný, og nefnt í því sambandi, að þurrhreinsivélin ein sér kostaði sjö milljónir. Kvaðst hann því hafa talið, að fimm milljónir fyrir tækin væri sanngjarnt verð, þar eð þau teldust hafa verið keypt ný árið 1989. Á þessum grundvelli kveðst hann hafa gert kauptilboð 11. júlí 1996.

Stefndi kveðst síðan hafa farið að athuga, hvað tæki, eins og hér um ræðir, kostuðu. Hafi sér þá verið tjáð af aðilum, sem fluttu slík tæki til landsins og höfðu til sölu, að hann gæti fengið ný tæki til reksturs fullkominnar efnalaugar fyrir innan við þrjár milljónir króna. Þá hafi hann fengið upplýst, að þurrhreinsivélin, sem stefndi hafði tjáð sér, að tæki 20 kg, tæki 25 lbs. eða 12–13 kg. Við svo búið kveðst hann hafa rift kauptilboðinu með bréfi 18. júlí 1996.

II.

Stefnandi tíundar málsástæður sínar og lagarök með eftirfarandi hætti í stefnu:

Við það er miðað af hálfu stefnanda, að komist hafi á gildur og gagnkvæmur kaupsamningur um kaup og sölu tækja og hráefna efnalaugarinnar Hreinar línur.

Stefnandi eigi rétt á að fá allt kaupverðið greitt gegn afhendingu þeirra tækja, er um ræðir, eins og krafist er í aðalkröfu.

Um þetta vitnar stefnandi til 28. gr. kaupalaga nr. 39/1922, meginreglna kröfuréttar, þ. á m. um gildi loforða.

Vitnað er til traustskenningar samningalaga nr. 7/1936 og þeirrar meginreglu, að samningar skuli standa.

Í varakröfu er krafist skaðabóta. Þar er einnig gert ráð fyrir því, að komist hafi á bindandi kaupsamningur milli aðila og stefnandi orðið fyrir tjóni, þar sem stefndi hafi á ólögmatan hátt gengið frá kauptilboði sínu. Er um þetta vísað til 28. gr. kaupalaga nr. 39/1922 og meginreglna skaðabótaréttar innan samninga.

Stefnandi, sem taldi sig vera búinn að selja rekstur fyrirtækisins Hreinar línur, sagði upp leigusamningi sínum og missti þannig það húsnæði, er hann hafði haft undir reksturinn.

Í aðalkröfu er krafist um umsamið kaupverð, 5.000.000 kr., gegn afhendingu þeirra tækja, sem seld voru.

Stefnandi á með vísan til meginreglna kröfuréttar og dómafordæma Hæstaréttar rétt á að fá kaupverðið að fullu greitt, þó að í kaupsamningnum hafi falist yfirtaka á skuld við Landsbanka Íslands, eignarleigu. Stefnandi hefði losnað undan greiðsluskyldu sinni vegna leigusamnings, ef stefndi hefði staðið við samninginn, sem komist hafi á. Þannig á stefnandi að vera eins settur og kaupsamningurinn hefði gengið eftir.

Velji svo ólíklega til, að aðalkrafa verði ekki tekin til greina, er sett fram krafa um skaðabætur, 1.500.000 kr. Er hún rökstudd þannig, að fái stefnandi ekki aðalkröfu sinni framgengt, verði hann væntanlega að skila þeim hluta hins selda, sem var á kaupleigu. Þau tæki, sem þá séu eftir, séu illseljanleg ein og sér, enda hluti af stærri heild, sem var efnalaug.

Þá liggur fyrir sú staðreynd, að stefnandi, sem var með rekstur í fullum gangi í efnalaug, er nú búinn að missa það húsnæði, sem hann hafði, og reksturinn í heild sinni farinn fyrir lítið.

III.

Aðalkröfu sína um sýknu kveðst aðalstefndi reisa á því, að hann hafi rift samningi þeim, er stefnandi miðar dómkröfur sínar við, með bréfi 18. júlí 1996. En veruleg forsenda hafi brostið fyrir kauptilboði hans, þar sem þurrhreinivél sú, sem kaupin voru m. a. gerð um, beri ekki 20 kg af þvotti, eins og um var samið, heldur aðeins 12–13 kg. Aðalstefndi heldur því fram, að með efnalaug þeirri, sem hann hugðist setja upp í Grundarfirði, hafi hann ætlað að þjóna öllu Snæfellsnesi. Því hafi það verið skilyrði, að þurrhreinivélin bæri 20 kg.

Þá kveðst aðalstefndi hafa treyst því, að nývirði véla þeirra og tækja, er hér um ræðir, væri miklum mun hærra en það raunverulega sé. Reynir Þorgímsson hjá Fyrirtækjasölunni Suðurverri hafi gefið sér upp 6,8 milljóna

ásett söluverð og talið það „mjög gott verð“. Aðalstefndi kveðst hafa treyst fyrirtækjasalanum, enda hljóti hann að eiga að gæta hagsmuna beggja aðila við samningsgerð. Þá hafi aðalstefnandi tjáð sér, áður en kaupin fóru fram, að þurrhreinsivélin ein og sér væri sex milljón króna virði. Háttsemi stefnanda og fyrirtækjasalans hljóti þannig að teljast sviksamleg, og beri að leggja til grundvallar, að samningurinn hafi komist á fyrir þau svik, sbr. 1. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 7/1936.

Varakröfu sína um, að samningnum verði vikið til hliðar í heild sinni með dómi, kveðst aðalstefndi reisa á ákvæðum 1. og 2. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986. Með því að færa sér í nyt annars vegar þekkingu sína á því, hvert væri raunvirði þeirra tækja, sem menn voru að selja, og hins vegar það traust aðalstefnda, að þeir gæfu sér réttar upplýsingar um sannvirði tækjanna, hafi aðalstefnandi og fyrirtækjasalinn fengið sig til að gera kauptilboðið 11. júní 1996.

Aðalstefndi kveðst leggja sömu málsástæður til grundvallar þrautavarakröfu sinni og aðalkröfu og varakröfu sinni í aðalsök.

Varakröfu aðalstefnanda mótmælir aðalstefndi á grundvelli sömu málsástæðna og hann reisir dómkröfur sínar á að öðru leyti. Þá telur hann, að aðalstefnandi hafi ekki sýnt fram á, að hann hafi orðið fyrir tjóni af sínum völdum, en auk þess sé bótakrafan órökstudd og allt of há.

IV.

Gagnstefna var birt 10. janúar 1997, innan mánaðar frá þingfestingu aðalsakar 12. desember 1996.

Dómkröfu gagnstefnanda, að staðfest verði riftun sín á samningi milli sín og gagnstefnda um kaup á tækjum til reksturs efnalaugar, kveðst hann reisa á sömu málsástæðum og hann ber fyrir sig sem aðalstefndi í þessu máli, þ. e. í stuttu máli, að hann hafi verið blekktur af gagnstefnda (aðalstefnanda) til að bjóðast til að kaupa umrædd tæki fyrir samtals 5.000.000 króna. – Blekkingarnar hafi falist í því, að fyrirtækjasalinn hafi tjáð sér, að ásett verð, 6,8 milljónir, væri mjög gott verð, og gagnstefndi sagt, að nývirði þurrhreinsivélar eins og þeirrar, er hér um ræðir, væri sjö milljónir króna. Þar að auki hafi vélin ekki haft áskilda kosti, ekki borið 20 kg, eins og lýst hafi verið af Fyrirtækjasölunni Suðurverri í umboði gagnstefnda, heldur aðeins 12–13 kg. Gagnstefnandi kveðst hafa komist að raun um, eftir að hann hafði gert kauptilboð, að hann hefði getað fengið ný tæki til reksturs fullkominnar efnalaugar fyrir innan við þrjár milljónir króna. Þannig hafi gagnstefnandi haft fulla heimild til þess að rifta samningi um kaupin. Kveðst hann hafa vonast til, að málið myndi þar með falla niður með samþykki

gagnstefnda, en þar sem gagnstefndi hafi aftur á móti hafið málsókn á hendur sér, hafi hann óhjákvæmilega orðið að höfða þetta gagnsakarmál til að fá riftun staðfesta með dómi, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991.

Bótakröfu sína rökstyður gagnstefnandi þannig: Hann hafi, þegar kaup-tilboðið var samþykkt, sagt upp leigutaka, sem hafi haft húsnæði það á leigu, er hann hafi ætlað undir efnalaugina. Leigugreiðslur hafi numið 50.000 krónum á mánuði, og verði hann nú af leigutekjum. Þá hafi kona sín, Margrét Frímannsdóttir, sagt upp vinnu, sem hún var í. Þá leggi hann ekki í þá áhættu að hefja rekstur efnalaugar, meðan máli þessu sé ólokið. Verði hann þannig af umtalsverðum tekjum og kona sín atvinnulaus á meðan.

Gagnstefnandi sundurliðar bótakröfu sína á eftirfarandi hátt:

1. Bætur vegna missis leigutekna frá 1. september 1996 til 30. nóvember 1997, samtals 15 mánuðir $\times$ 50.000, sem gera 750.000 krónur.

2. Annað, þ. m. t. missir hagsvonar, launa o. fl., 750.000 krónur.

Samtals nemi þessir liðir stefnufjárhæðinni, 1.500.000 krónum.

V.

Gagnstefndi mótmælir því að hafa sagt stefnda, að ný þurrhreinsivél, sömu tegundar og hann seldi gagnstefnanda, myndi kosta sjö milljónir króna. Þá tekur hann fram, að hann hafi selt fyrirtæki í rekstri, en ekki sérstaklega tækjabúnað fyrirtækisins. Það hafi hins vegar alveg verið mál gagnstefnanda, hvernig hann hugðist nýta það, sem hann keypti. Með öðrum orðum hafi gagnstefnandi ekki getað búist við að fá fyrirtækið keypt við verði, sem einungis væri miðað við ætlað markaðsverð hvers einstaks tækis og hvers munar, er fylgdi með kaupunum.

Gagnstefndi mótmælir staðhæfingu gagnstefnanda í þá veru, að hann hefði getað fengið ný tæki til reksturs efnalaugar fyrir þrjár milljónir króna. Ráða megi af dskj. nr. 19, sem lagt var fram af hálfu gagnstefnanda, að nývirði tækja þeirra, sem fyrst eru tiltekin á listanum, sbr. dskj. nr. 3, yfir tæki þau, er seld voru, sé samtals 3.820.000 krónur, en þá séu að sjálfsögðu ekki með talin þau tæki á listanum, sem auðkennd eru sem „önnur tæki“. Þá er því mótmælt, að gagnstefnanda hafi verið kunnugt um, að þurrhreinsivélin hafi verið gerð til að hreinsa 12–13 kg af þvotti í einu, en ekki 20 kg. Gagnstefndi kveðst hafa gefið upp 20 kg fyrir misskilning, en ekki af ásetningi. Gagnstefnandi hafi á hinn bóginn á engan hátt gefið honum í skyn, að 20 kg geta þurrhreinsivélarinnar væri forsenda þess, að af kaupum yrði.

Gagnstefndi mótmælir því að hafa verðlagt fyrirtækið á 6,8 milljónir króna; sú tala sé ekki frá sér komin né neinum, sem hann beri ábyrgð á.

Hann hafi ekki beitt blekkingum og þaðan af síður svikum til að koma á umdeildum kaupsamningi.

Gagnstefndi bendir á, að hann hafi reynt að ná samkomulagi við gagnstefnanda, eftir að málið kom upp. Hafi hann boðið gagnstefnanda 1.000.000 króna lækkun á söluverðinu, en boðinu verið hafnað. Hafa megi þetta til marks um, að gagnstefnandi láti sig umsamið kaupverð litlu skipta; hann hafi raunar fengið bakþanka og ákveðið að hætta við kaupin, enda þótt kaupverðið væri honum með þessu móti einkar hagstætt.

Gagnstefndi mótmælir bótakröfum gagnstefnanda sem óljósum og órökstuddum. Gagnstefnandi hafi þrátt fyrir áskorun gagnstefnda ekki lagt fram óyggjandi gögn um leigutekjur sínar árin 1995 og 1996.

Enda þótt Margrét Frímannsdóttir, eiginkona gagnstefnanda, hafi sagt starfi sínu lausu, verði ekkert byggt á því í þessu máli að mati gagnstefnda; hún sé ekki aðili máls. Þá hafi ekki heldur verið sýnt fram á, að hún hafi ekki getað fengið nýtt starf eða hvort hún hafi þá að öðrum kosti borið sig eftir atvinnuleysisbótum.

Gagnstefndi mótmælir yfirlýsingum gagnstefnanda um nývirði tækja sem röngum og villandi í sambandi við sölu gagnstefnda á fyrirtæki sínu. Gefi auga leið, að ekki sé nóg að kaupa slík tæki til að setja upp efnalaug; það þurfi að koma þessum þungu tækjum á sinn stað, breyta húsnæði til að koma tækjunum fyrir og tengja tækin.

Allt kosti þetta peninga, en fyrirtækið, sem gagnstefnandi hafi keypt, hafi verið í rekstri og notið viðskiptavildar, enda selt sem slíkt.

VI.

Niðurstaða.

A. Aðalstefnandi sagði í aðilaskýrslu sinni fyrir réttinum, að hann hefði keypt efnalaug þá, er hér um ræðir, í maí 1996. Ásett verð hafi verið 6,8 milljónir, en hann hefði keypt fyrirtækið á tæpar 4,6 milljónir. Sagði hann, að kunningi sinn, Hrafn, hefði sett fyrirtækið í sölu og gefið upp verðið 6,8 milljónir króna. Hefðu þau kona sín komið í fyrirtækið 11. júlí 1996 og skoðað það undir leiðsögn hans. Kvaðst hann þá hafa tjáð aðalstefnda, að hann mæti fyrirtækið á 6,8 til 7 milljónir. Ekki hafi þó verið rætt ákveðið um kaupverðið, en aðalstefndi boðið 5 milljónir. Aðalstefnandi treysti sér ekki til að svara því, hvort hann hefði tjáð aðalstefnda, hvert væri nývirði tækja fyrirtækisins. Kvaðst hann að spurður ekki hafa vitað á þessum tíma, hvert væri nývirði þessara tækja, en reist mat sitt, hvert væri verðmæti tækjanna, á upplýsingum frá reyndum starfsmanni sínum og þeirri vitneskju sinni, að markaðsverð efnalauga, þegar hann keypti, var á bilinu 8 til 20 milljónir.

Í aðilaskýrslu aðalstefnda fyrir réttinum kemur fram, að aðalstefndi og kona hans hafi ætlað að stofnsetja efnalaug í húsnæði, er þau eiga í Grundarfirði. Þau hafi ekkert vitað, hvað þetta myndi kosta, en aðalstefndi kvaðst hafa frétt frá fyrirtækjasölu, að til sölu væri efnalaug, þar sem verðhugmynd væri 6,8 milljónir. Kvaðst aðalstefndi ekki hafa kannað áður, hvert væri nývirði tækja til reksturs efnalaugar. Kvaðst hann hafa skoðað efnalaug aðalstefnanda 11. júlí 1996 og litist vel á hana. Aðalstefnandi hafi þá sagt sér, að fatahreinsivélin bæri 20 kg og sambærileg vél kostaði ný 6 til 7 milljónir króna.

Aðalstefndi kvaðst að spurður hafa fengið sendar upplýsingar um efnalaugina Hreinar línur frá Fyrirtækjasölnunni Suðurverri 10. júlí 1996. Hins vegar kvaðst hann fyrst hafa fengið upplýsingar um verðhugmyndina 4,8 milljónir í símbréfi frá fyrirtækjasölnunni 19. sama mánaðar.

Reynir Þorgrímsson, sem stýrir Fyrirtækjasölnunni Suðurverri, kom fyrir rétt. Kvaðst hann hafa í byrjun sumars 1996 skráð efnalaugina Hreinar línur til sölu að tilmælum Hrafns Bachmann, en Hrafn hefði ekki verið eigandi fyrirtækisins. Reynir sagði Hrafn hafa tjáð sér, að eigendur vildu fá 6,7 til 6,8 milljónir fyrir efnalaugina. Kvaðst hann hafa skráð upplýsingar Hrafns um fyrirtækið og auglýst það til sölu ásamt öðrum þeim fyrirtækjum, sem hann hafði til sölu. 10. júlí sama ár, seinni part dags, kveðst hann fyrst hafa komið í fyrirtækið og hitt eiganda þess, aðalstefnanda. Kvaðst hann hafa skoðað fyrirtækið og metið raunvirði þess 4,8 milljónir miðað við umfang viðskipta og þann vélakost, sem þar var. Því næst kvaðst hann hafa endurskráð fyrirtækið hjá fyrirtækjasölnunni, eins og fram komi á dskj. nr. 12. Hann kvaðst hins vegar ekki muna, hvort það hefði verið það, er þar kemur fram, sem hann sendi aðalstefnda í símbréfi þennan sama dag, eða hvort það voru upplýsingar samkvæmt fyrri skráningu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa vitað á þessum tíma, hvert var nývirði tækja, eins og hér um ræðir.

B. Aðalstefndi upplýsti, að hann hefði ekki gert neina könnun á því, hvað myndi kosta sig að setja upp efnalaug í Grundarfirði, þegar hann réðst í það að samþykka svokallað kautilboð, sbr. dskj. nr. 4. En þegar hann samþykkir „kautilboðið“, taldi hann sig vera að gera góð kaup. Það er ekki fyrr en hann fer að leita eftir fé til að standa við kaupin, að honum verður ljóst, að það yrði eflaust hagkvæmara að kaupa nýjar vélar til að setja upp efnalaug á staðnum. Hann grípur þá til þess ráðs að lýsa yfir riftun á þeim forsendum, sem raktar voru hér að framan.

Aðalstefndi hefur ekki sýnt fram á, að úrslitum hafi ráðið, þegar hann gekk að „kautilboði“ aðalstefnanda 11. júlí 1996, að umrædd fatahreinsivél tæki 20 kg, eins og aðalstefnandi hafði tjáð honum, að hún gerði, þ. e., að hann hefði alls ekki keypt efnalaugina, hefði hann vitað, að fatahreinsi-

vélin tók allt að 8 kg minna en seljandi sagði honum. Þá verður ekki heldur talið, að aðalstefnandi hafi af ásetningi til að blekkja aðalstefnda gefið upp, að vélin tæki 20 kg, heldur hafi hann mælt af vanþekkingu. Og þegar á heildina er litið, verður þessi galli á tilboði aðalstefnanda að teljast óverulegur, enda er fallist á með aðalstefnanda, að um sölu á efnalaug í rekstri hafi verið að ræða, en ekki sölu á einstökum vélum og tækjum til að stofna nýja efnalaug.

Viðurkennt er, að aðalstefnandi tjáði aðalstefnda, að hann mæti efnalaugina á 6,8 til 7 milljónir króna, þegar þeir hittust 11. júlí 1996. Þá þykir upplýst, að aðalstefndi hafi boðist til að kaupa efnalaugina fyrir 5 milljónir með þeim kjörum, sem á uppkasti að kaupsamningi greinir, sbr. dskj. nr. 5. Í takt við þetta var „kauptilboð“ samið, og með símbréfi að kvöldi sama dags samþykkti aðalstefndi kaupin. Aðalstefnandi þykir ekki hafa með þessu blekkt aðalstefnda til að kaupa efnalaugina of háu verði, enda þótt hann hafi látið þá ósk í ljós að fá allt að 7 milljónir króna fyrir efnalaugina, en ósannað þykir, að hann hafi sagt aðalstefnda, að nývirði sams konar tækja og efnalaugin var búin, væri á bilinu 6 til 7 milljónir króna eða þaðan af meira. Af þessum sökum verður fallist á dómkröfur aðalstefnanda. Jafnframt verður hann sýknaður af kröfum gagnstefnanda í gagnsök.

Eftir þessum úrslitum verður aðalstefnda gert að greiða aðalstefnanda 560.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts á málflutningsþóknun.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Bergur Garðarsson, greiði aðalstefnanda, Páli Jónssyni, 4.700.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af sömu fjárhæð frá 11. ágúst 1996 til greiðsludags, allt gegn afhendingu á eftirtöldum tækjum:

1 stk. AMA U25R-fatahreinsivél, rafhitaðri og tölvustýrðri, 1 stk. Stimatic-fatapressu með gufukatli, 1 stk. gínu, 1 stk. Vacuum-straujárni, 1 stk. blettaarmi, 1 stk. HS 2000 handstýrðu færibandi, 1 stk. H 602 BOS-innpökkunarvél, þvottavél Primus, stórri og afkastamikilli, Westinghouse-þurrkara, Aktern-gufupressu, Sharp-sjóðsvél, Pfaff-saumavél og þriggja metra afgreiðsluborði.

Gagnstefndi, Páll Jónsson, er sýkn af kröfum gagnstefnanda, Bergs Garðarssonar.

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 560.000 krónur í málskostnað.